

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 326/1995.

Ólafur Thóroddsen

(sjálfur)

gegn

Lögfræðistofunni sf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1995 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi styður kröfur sínar í málinu við tvo víxla, sem hann hefur lagt fram í frumriti með eyðuframsali, og bera þeir ekki með sér að hafa verið greiddir. Er því ekki hald í málsástæðum áfrýjanda, sem lúta að aðildarskorti stefnda og greiðslu víxlanna.

Samkvæmt framangreindu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnda, Lögfræðistofunni sf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, birtri 9. febrúar 1995, var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 16. júní sl.

Málinu var úthlutað Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa fyrr á

Þessu ári. Tók hún málið fyrst fyrir 25. apríl sl. og síðan við aðalmeðferð þess, sem fram fór 17. maí sl. Hún sagði sig frá málinu á grundvelli dóms Hæstaréttar í máli nr. 108/1994, og fékk undirritaður dómari það til úrlausnar.

Stefnandi málsins er Lögfræðistofan sf., kt. 611085-0959, Borgartúni 31, Reykjavík, en stefndi er Ólafur Thóroddsen, kt. 140145-4319, Bankastræti 8, Skagaströnd.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 536.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. febrúar 1992 til 10. mars s. á., en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er og krafist af hálfu stefnanda, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda jafnframt því, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefnda með vísan til tveggja fram lagðra víxla, sem hvor um sig er að fjárhæð 268.000 kr., báðir út gefnir í Reykjavík 3. júní 1991 af Naustaborg hf., kt. 450471-0549, og samþykktir til greiðslu af stefnda í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Annar víxlanna er með gjalddaga 10. febrúar 1992, en hinn 10. mars s. á. Báðir víxlarnir séu framseldir sér með eyðuframsali af útgefanda.

Stefnandi heldur því fram, að hann sé eigandi fram lagðra víxla skv. löglegu framsali, þeir séu í lögmatu formi, hafi ekki verið greiddir á gjalddaga og séu enn ógreiddir.

Stefnandi vísar til víxillaga nr. 93/1933 til stuðnings kröfum sínum, einkum VII. kafla þeirra um fullnustu vegna greiðslufalls. Þá vísar stefnandi til XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (einkamálalög) og mót-mælir því, að varnir stefnda komist að í þessu máli á grundvelli ákvæða þessa kafla einkamálalaga, enda sé málið höfðað og rekið skv. tilgreindum kafla einkamálalaga.

Til stuðnings dráttarvaxtakröfu sinni og kröfu um vaxtavexti vísar stefnandi til reglna III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi með vísan til 1. mgr. 130. gr. einkamálalaga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að fram lagðir víxlarnir séu greiddir. Lögmaður stefnanda sé jafnframt eigandi að félagi stefnanda. Lögmaður-

inn hafi verið lögmaður Guðrúnar Skarphéðinsdóttur og áritað yfirlýsingu, sem liggja frammi í málinu á dskj. nr. 7 og sé svohljóðandi:

„Ég undirritaður f. h. Guðrúnar Skarphéðinsdóttur lýsi því hér með yfir gagnvart Ólafi Thóroddsen, að fallið er frá öllum kröfum á hendur honum skv. átta víxlum, öllum útg. 3. 6. 1991, sem hann samþ. til greiðslu. Hver víxill að fjárhæð 268.000 kr. nema einn að fjárhæð 268.000 kr., enda uppfylli hann tiltekin skilyrði. Að uppfylltu því afhendi lögmaður Guðrúnar víxlana áritaða um greiðslu.“

Yfirlýsing þessi sé staðfest af lögmanni stefnanda með undirritun hans á skjalið, en stefndi hafi samþykkt efni hennar með nafnritun sinni.

Stefndi vísar einnig til stuðnings sýknukröfu sinni til viðauka við samkomulag, sem liggur frammi (dskj. nr. 8) og er svohljóðandi:

„Vísað er til samkomulags, sem Gylfi Guðmundsson gerði vegna Guðrúnar Skarphéðinsdóttur við Ólaf Thóroddsen um víxla, sem í innheimtu eru hjá Péttri Þór Sigurðssyni hdl.

1. Ólafur Thóroddsen hefur í dag innleyst tvö veðskuldabréf, st. að fjárhæð sex hundruð og fimmtíu þúsund kr. Skv. því er honum eða þeim, sem hann vísar til, heimilt að ráðstafa bréfunum, sem eru ógjaldfallin.

2. Ólafur skuldbindur sig til þess að innleysa innan tveggja vikna héðan í frá eitt veðskuldabréf, tr. í Súðarvogi, Reykjavík, og er það að fjárhæð þrjú hundruð og fimmtíu þúsund. Ólafi skal heimilt að innleysa bréfið með bifreið, sem sé að raunvirði a. m. k. tvö hundruð og sex tíu þúsund--.

3. Ef Ólafur innleysir ekki bréfið innan greindra tímamarka, skoðast þetta bréf, sem er að fjárhæð þrjú hundruð og fimmtíu þúsund, ekki sem greiðsla á víxlum hjá Péttri Þór Sigurðssyni lögmanni, og heldur Pétur Þór þá eftir víxli/víxlum, sem nemur fjárhæð bréfsins.

4. Skv. orðan þessa skjals er það viðauki við áður gert samkomulag, enda er vísað til þess.“

Skjal þetta sé dagsett 10. maí 1993 og undirritað af Rut Gylfadóttur f. h. Guðrúnar Skarphéðinsdóttur og stefnda.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, krefst stefndi sýknu, enda sýni þessi gögn, að skuld skv. áðurgreindum víxlum sé að fullu greidd og stefndi sé því löglegur eigandi þeirra.

Stefndi bendir á, að varnir sínar gagnvart stefnanda komist að í málinu þrátt fyrir ákvæði 118. gr. einkamálalaga, með vísan til 17. gr. víxillaga nr. 93/1933. Lögmaður stefnanda, sem jafnframt sé eigandi Lögfræðistofunnar sf., hafi haft umrædda víxla til innheimtu fyrir Guðrúnu Skarphéðinsdóttur. Hann hafi gert samkomulag um greiðslu þeirra við réttan eiganda þeirra, eins og fram lögð gögn beri með sér, og í öllu staðið við það samkomulag.

Stefnandi sé því ekki réttur eigandi víxlanna, og því komist að þær varnir, sem hann hafi uppi í málinu gagnvart kröfum stefnanda skv. 1. tl. a 118. gr. einkamálalaga. Þessu til stuðnings vísar stefndi einkum til tveggja dóma Hæstaréttar, annars frá 1939, bls. 520, hins frá 1986, bls. 36.

Stefndi telur málsókn stefnanda varða við 247. gr. alm. hgl. nr. 19 frá 1940 svo og 250. gr. sömu laga.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem svara til lýsingar hans í stefnu. Þeir fullnægja að öllu leyti formkröfum víxillaga nr. 93 frá 1933. Stefnandi kveðst vera eigandi þeirra skv. eyðuframsali. Víxlarnir bera ekki með sér, að þeir hafi verið greiddir, og er handhöfn stefnanda að mati dómsins nægileg sönnun fyrir eignarrétti hans að þeim. Stefnandi höfðaði mál þetta skv. XVII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Í 118. gr. einkamálalaga eru tilgreindar þær varnir, sem heimilt er að hafa uppi í víxilmáli.

Sú málsástæða stefnda, að stefnandi sé ekki réttur aðili að umræddum víxlum, er ekki studd neinum gögnum, og verður því ekki á hana fallist.

Aðrar málsástæður stefnda í málinu falla utan þeirra varnarástæðna, sem heimilt er að hafa uppi skv. tilvitnaðri lagagrein einkamálalaga, og komast þær því ekki að í málinu gegn mótmælum stefnanda með vísan til þess, að stefnandi höfðar það sem víxilmál skv. XVII. kafla einkamálalaga.

Það er því álit dómsins, að fallast beri á dómkröfur stefnanda, eins og nánar er lýst í dómsorði.

Með vísan til 1. tl. 130. gr. einkamálalaga skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 100.000 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnanda, Lögfræðistofunni sf., 536.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 268.000 kr. frá 10. febrúar 1992 til 10. mars s. á., en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Vexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 10. mars 1993 og síðan árlega miðað við þann dag, skv. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 100.000 kr.